Marangoni dekk
Lífstíðarábyrgð gegn óvæntum atvikum



LIFETIME WARRANTY

MARANGONI™
a sign of intelligence

Tyres made in Italy

# DEKKJAHÖLLIN

REYKJAVÍK - EGILSSTAÐIR - AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| Skeifan 5 | Þverklettum 1 | Draupnisgötu 5 |
| Sími: 581 3002 | Sími 471 2002 | Sími 462 3002 |

Nánari upplýsingar er hægt að fá á þjónustustöðvum okkar og heimasíðunni - dekkjahollin.is

## LENGRA LÍF FYRIR DEKKIN ÞÍN

Með hönnun sem leggur áherslu á öryggi við allar aðstæður, býður Marangoni upp á framleiðslulínu í hjólbörðum sem fullnægir öllum þörfum evrópskra ökumanna.
Öryggi, áreiðanleiki og ending byggist verulega á aðstæðum og meðferð dekkjanna og þessum eiginleikum er hægt að viðhalda með reglulegu viðhaldi og eftirliti.
Í samvinnu við viðurkennda söluaðila sína býður Marangoni viðskiptavinum sínum upp á verðmæta þjónustu sem miðar að bættu öryggi, endingu og frammistöðu dekkjanna. Í boði er víðtæk ábyrgð gegn framleiðslugöllum sem og skemmdum sem verða við hefðbundinn akstur.

## EFTIRLIT OG VIÐHALD Á NOTKUNARTÍMA DEKKJANNA

### Felgur

Hjólabil og jafnvægisstilling skulu athuguð reglulega.
Ef þessir þættir eru í ólagi, munu þeir valda óreglulegu og hraðara sliti á dekkjum.

### Loftþrýstingur

Reglubundnar athuganir á loftþrýstingi er sá þáttur sem mest áhrif hefur á öryggi og hagkvæmni dekkja. Þetta þarf að gera þegar dekkin eru köld eða strax eftir að búið er að keyra stutta vegalengd á litlum hraða. Ef loftþrýstingur er mældur þegar dekkin eru heit vegna nýlegrar notkunar getur mæling orðið röng.
Loftþrýsting má ekki minnka í heitum dekkjum undir neinum kringumstæðum. Of lítill loftþrýstingur orsakar meiri skaða og hættu en of mikill þrýstingur.

**Of lítill loftþrýstingur getur valdið:**

- skemmdum í uppbyggingu dekksins vegna of mikils hita (afmyndun);
- minnkandi gripi og aukinni hættu á floti;
- óreglulegu og miklu sliti á köntum;
- aukinni hættu á að dekkið skemmist við högg.

**Of mikill loftþrýstingur getur valdið:**

- óeðlilegu sliti á miðju banans;
- óþægilegri akstri.

### Munsturdýpt

Munsturdýpt þarf að vera að minnsta kosti meiri heldur en lágmarks munsturdýpt skv. lögum. Grip dekkjanna minnkar jafnt og þétt þegar dekkið slitnar.

**Annað eftirlit**

- Ef gúlpar sjást á hliðum eða skurðir, er nauðsynlegt að fara strax á hjólbarðaverkstæði.
- Ef dekk hefur orðið fyrir slæmu höggi, skal láta skoða það á hjólbarðaverkstæði, jafnvel þó ekki sjái á því.
- Felgur skulu skoðaðar reglulega, þ.e. leita eftir beyglum og skemmdum, sem geta haft áhrif á dekkin.
- Slit dekkja geta gefið vísbendingar um ástand hjólabúnaðar, drifbúnaðar og demparabúnaðs

## SKILYRÐI FYRIR ÞVÍ AÐ MARANGONI ÁBYRGÐ SÉ Í GILDI

Ábyrgðin gildir út endingartíma nýs hjólbarða, óháð því hvenær hann er keyptur.

Réttindi ábyrgðarinnar er ekki hægt að flytja á annan einstakling eða bifreið heldur en ábyrgðin er gefin út á.

Ábyrgðin tekur yfir:

- galla í framleiðsluferli og/eða hráefni
- óviðgerðarhæfar skemmdir vegna hefðbundins aksturs á vegum

## VIÐ HVAÐA AÐSTÆÐUR GILDIR ÁBYRGÐIN EKKI

- Ef dekkið er ónýtt vegna þess að keyrt hefur verið á því loftlausu.
- Óreglulegt eða óeðlilegt slit vegna mekanískra ágalla bifreiðar (s.s. hjólabils), notkunar á gölluðum felgum eða rangri felgustærð.
- Óeðlilegt slit vegna þess að loftþrýstingur er annar en mælt er með, ofhleðslu á bifreið eða dráttar á vagni sem fer yfir það sem bílaframleiðandi gefur upp.
- Skemmdir vegna rangrar eða of langrar notkunar snjókeðja.
- Skemmdir vegna notkunar í keppnum.
- Óviðeigandi notkun dekkjanna miðað við tæknilega eiginleika þeirra, sérstaklega skemmdir og óeðlilegt slit vegna aksturs utan þjóðvega.
- Þegar hægt er að gera við dekkið.
- Skemmdir vegna mistaka við umfelgun.
- Skemmdarverk og þjófnaðir.
- Skemmdir vegna umferðaslysa.
- Vandamál vegna slysa, eldsvoða eða náttúrhamfara.
- Eyðing vegna langrar snertingar við jarðolíur, vetniskolefni, leysiefni, sýrur.
- Dekkjastærð, burðar og hraðamerking ekki í samræmi við það sem gefið er upp í skráningarskýrslum ökutækisins.

# INNHEIMTA ÁBYRGÐAR

Til að fá dekk bætt þarf að mæta með dekkið og rétt útfyllt ábyrgðarskírteini til viðurkennds söluaðila Marangoni.
Söluaðilinn sér um að meta dekkið og heldur því eftir og er því ekki hægt að gera frekari kröfu vegna þess.

**Ábyrgðin bætir:**

- dekk með 80% eða meira eftir af munstri verður bætt með nýju Marangoni dekki af sömu (eða samsvarandi) tegund og stærð.
- ef minna er eftir af dekkinu en 80%, þá mun viðskiptavinurinn greiða sem nemur því hlutfalli af munstri sem búið er af dekkinu (munurinn á munstri í nýju dekki og því sem eftir er af munstri í dekkinu).
- ef munstur er minna, en lágmarks munsturdýpt skv. lögum, gildir ábyrgðin ekki (1,6 mm).

ATH! Umfelgun, jafnvægisstilling og umskipti skal í öllum tilvikum greiðast af viðskiptavini.

DEKKJAHÖLLIN
REYKJAVÍK - EGILSSTAÐIR - AKUREYRI
Góð þjónusta í yfir 25 ár

**Umboðsaðili Marangoni á Íslandi:**
DEKKJAHÖLLIN
DRAUPNISGÖTU 5
603 AKUREYRI
www.dekkjahollin.is